



Hreppsnefnd 28. mars 2000

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 28. mars 2000 kl 16:00 í Miklagarði. Mættir: Sigurveig Róbertsdóttir, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Arni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson. Oddvit setti fund og bauð nefndarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til dagskrár.

1.mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 2. mars sl.
Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.

2.mál. Fundargerð skólanefndar frá 15. mars sl.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð ferðamálanefndar frá 1. mars sl. Fundargerðin rædd og samþykkt að verða við ósk ferðamálanefndar um sameiginlegan fund hreppsnefnar, sem allra fyrst. Að öðru leyti var fundargerðin lögð fram til kynningar. Með fundargerðinni fylgdi bréf frá nefndinn þar sem nefndarmenn segjast hafa farið yfir skýrslu frá Jakobi Þór Haraldssyni, ferðamálafulltrúa.

4. mál. Félagsmálaráðuneytið, bréf dags. 19. feb. sl., varðandi úthlutn stofnframlags.
Í bréfinu er tilkynnt að ráðgjafanefnd hafi úthlutað Vopnafjarðarhreppi stofnframlagi á árinu 2000 að upphæð kr. 8.570.000 vegna framkvæmda við viðbyggingu Vopnafjarðarskóla. Um er að ræða lokagreiðslu vegna kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs í framkvæmd.

5.mál. Endurbygging Kaupvangs. Fundargerð lög fram frá nefnd sem kosin var af Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps til þess að undirbúa og hrinda af stað endurbyggingu Kaupvangs. Nokkur umræða var um endurbyggingu Kaupvangs og "Tillögu" þá sem samþykkt var nív. sl. Sveitarstjór var falið að láta gera kostnaðar áætlun og útbosgögn að fyrsta áfanga varðandi endurbyggingu Kaupvangs. Miklar umræður urðu einnig um lóðarmál milli KVV og Vopnafjarðarhrepps. Samþykkt að gerður verði samningur milli KVV og Vopnafjarðarhrepps

6. mál. Félagslegar íbúðir. Bréf barst frá Jóhönnu Rögnvaldsdóttur þar sem hún óskar eftir uppkaupum á íbúðarhúsi hennar að Lónabraut 39 og vog viðbótarlán til kaupa á öðru húsnæði. Málinu vísað til félagsmálanefndar.

7. mál. Kvenfélagið Lindin, styrkbeiðni til Menntasjóðs. Bréf barst frá stjórn Kvenfélagsins Lindin um 50 þús. kr. styrkbeiðni í Menntasjóð Lindarinnar. Samþykkt að styrkja sjóðinn með samaframlagi og farið er fram á á hverju ári á þessu kjörtímabili.

8. mál. Niðurstöður undirskriftalista varðandi áhuga fólks á jarðgöngum í gegnum Hellisheiði. Samþykkt að vista lista á bókasafni hreppsins.

9. mál. Áhrif jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs á byggðapróun, skýrsla unnin af þróunarstofu Austurlands í mars 2000. Samþykkt að vista skýrsluna á bókasafni hreppsins og dreifa henni á kaffistofur og biðstofur hér.

10. mál. Fundur með þingmönnum Austurlands 16. mars sl. Oddviti skýrði frá fundi sem þeir áttu með umdæmisstjóra á Akureyri um flugsamgöngur til Vopnafjarðar á Akureyri á leiðinni suður. Tali hann að flugsamgöngur við Vopnafjörð væru nauðsynlegar og tók mjög jákvætt í að vinna að málinu. Einngi skýrði hann frá fundi með þingmönnum Austurlands í Reykjavík í sömu ferð. Aðalbjörn fór til Þorsteins Geirharðssonar út af skólabyggingu. Rætt var við samgönguráðherra um

tyggingu á flugi til Vopnafjarðar og var tekið vel á því máli. Farið var á fund með Ísl. Miðlun ástæðan vanda í verkefna flutningum út á landsbyggðina væri tregða í embættismannakerfinu. Vegagerðin um Hofsrárdal færi í umhverfismat í sumar og flyta á eftir megni lagningu vegarins inn á Hringveg 1. Jarðgangagerð undir Hellisheiði var rædd við þingmennina. Vel var tekið í málin af þingmönnum. Mikil umræða var um öll þessi mál. Samþykkt var að hrppsnefnd sendi frá sér upplýsingarit um samgöngur í Vopnafirði.

11.mál. Sjálfbjörg Vopnafirði. Bréf dags. 25. mars. sl. Varðandi skipan í ferlinefnd. Oddvit kom tilnefningu um að sveitarstjóri yrði annar nefndarmaður frá Vopnafjarðarheppi og félagsmálanefnd tilnefni annan. Samþykkt.

12. mál. Samband sveitarfélaga, bréf dags. 21. mars sl., varðandi ráðstefnu um Staðardagskrá 21,4. apríl nk.

13. mál. ýmsar fundargerðir og ályktanir:

- a) Fundargerð samstarfsnefndar samflots og launanefndar sveitarfélaga frá 10. feb. sl.
- b) Fundargerð Launanefndar sveitarfélaga frá 23. feb.sl.
- c) Greinargerð og ályktun Samgöngunefndar SSA (SASSA) frá 8. mars sl. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og sleit oddviti fundi og þakkaði fudnarmönnum góða fundarsetu.